

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 31. október 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-64/2008:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. september sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á handvirkri sjálfskiptingu á bifreið sem hann keypti hjá Y. Gerir hann kröfu til þess að fá nýja skiptingu í bifreiðina hjá fyrirtækinu sér að kostnaðarlausu.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 23. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 6. október. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 20. október sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreið af gerðinni A, og hafi hún komið á götuna 2. september 2005. Samkvæmt munnlegum upplýsingum álitsbeiðanda keypti hann bifreiðina nýja af Y og hefur notað hana til leigubílaaksturs. Eftir 25.000 km akstur hafi farið að koma högg í skiptinguna sem verkstæði Y hafi strax verið látið vita af. Ekkert hafi verið gert af hálfu verkstæðisins til þess að laga skiptinguna þótt vitað væri að um bilun væri að ræða. Það hafi oft verið ítrekað við verkstæðið en ekkert gert í málunum. Við 90.000 km skoðun þegar bifreiðinni hafði verið ekið 94.360 km hafi þetta enn og aftur verið ítrekað en ekkert gert. Þegar bifreiðinni hefði verið ekið 105.895 km. hafi verið skipt um ventlaboddí í skiptingunni síu og pakkingu. Þessi aðgerð hefði dugað þar til bifreiðinni hefði verið ekið 180.000 km en þá hefðu þessi högg komið aftur. Fjórum vikum seinna, eða þegar bifreiðinni hefði verið ekið 189.000 km, hafi verið skipt um olíu á skiptingunni, hún stillt í tölvu en það hefði ekki dugað til. Álitsbeiðandi kveðst margsinnis hafa farið fram á einhverja lausn á málinu en alltaf hafi sá sem ákvörðun átti að taka ekki verið við eða í sumarfrí. Þegar bifreiðinni hefði verið ekið 191.000 km. hefði gírkassinn verið dæmdur ónýtur af verkstæði Y. Ágreiningurinn við Y standi því um það að fyrirtækið vilji ekki bæta sér skiptinguna sem sé augljóslega gölluð eða viðgerð á skiptingunni ekki í lagi. Dráttur á viðgerð hafi ef til vill valdið því að hún sé nú ónýt. Endingin á skiptingunni sé ekki góð og augljóst sé að enginn hafi viljað taka ákvörðun í málinu fyrr en ábyrgðin hefði runnið út. Y vilji ekki bæta sér skiptinguna nema gegn greiðslu á ákveðinni upphæð sem álitsbeiðandi kveðst ekki fallast á.

Álitsbeiðandi segir það eina sem hann fari fram á sé að fá nýja skiptingu sér að kostnaðarlausu. Skiptingin hafi ekki verið í lagi nánast allan tímann sem hann hafi átt bifreiðina. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið með bifreiðina í allar skoðanir sem Y hafi

farið fram á og telji sig ekkert hafa vanrækt sem leitt hefði getað til bilunarinnar. Aldrei hafi komið fram hjá verkstæði Y að ekki mætti aka bifreiðinni.

#### IV

##### Úr gögnum málsins

Í ferilskrá bifreiðarinnar kemur fram að við standsetningu 2. september 2005, en þá sýnist bifreiðinni hafa verið ekið 25 kílómetra, hafi komið högg þegar skipt var úr 6 í 5 gír. Hinn 18. október 2005 segir að athuga eigi með hljóð í bifreiðinni án þess að því sé lýst nánar. Þá er skipt um hvarfakút bifreiðarinnar. Við skoðun 23. janúar 2007, en þá hafði bifreiðinni verið ekið 94.360 km, er getið um högg í skiptingunni. Hinn 7. mars 2007 er skráð að athuga eigi með högg í skiptingu en svo er að sjá að álitshandandi hafi þá ekki komið með bifreiðina til skoðunar. Hinn 2. apríl 2007, þegar bifreiðinni hafði verið ekið 105.895 km, var skipt um ventlaboddi í skiptingu frml. TFD og skipt um síu og pakkningu. Við skoðun 5. júní 2008, þegar bifreiðinni hafði verið ekið 183.435 km, er skráð að skipta þurfi um heddþakningu, vatnskassa og egrventil. Þá sé rofi fyrir „cruse“ bilaður og sömuleiðis stefnuljós í spegli. Talað hafi verið við eigandann og hafi hann ekki viljað að lagt yrði í viðgerðir sem talið væri að gætu kostað kr. 250.000.

#### V

##### Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitshandanda og Y, falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Þar sem álitshandandi notar bifreiðina í atvinnustarfsemi falla kaupin á henni ekki undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, heldur lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað til sérfróðs aðila um viðgerðir á bifreiðum, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Af ferilskrá bifreiðarinnar sést að við standsetningu hennar 2. september 2005, þ.e. þegar bifreiðin var ný, komu högg í skiptinguna þegar skipt var úr sjötta í fimmta gír en seljandi virðist hafa afhent bifreiðina í því ásigkomulagi án nokkurra úrbóta. Einum og hálfum mánuði seinna, eða 18. október 2005, er skráð að athuga eigi hljóð í bifreiðinni án nánari skýringa og verður að telja mjög líklegt að um högg í skiptingunni hafi verið að ræða. Við 90.000 km skoðun 23. janúar 2007 er skráð að högg séu í skiptingu, en þá hafði bifreiðinni verið ekið 94.360 km. Hinn 2. apríl 2007 er ráðist í einhverja viðgerð á skiptingunni og segir álitshandandi hana hafa dugað þar til bifreiðinni hafði verið ekið 180.000 km en þá hafi högginn komið aftur. Álitshandandi segir að skipt hafi verið um olíu á skiptingu og hún stillt í tölvu þegar bifreiðinni hafði verið ekið 189.000 km en sú aðgerð hafi ekki dugað. Þá segir álitshandandi að Y hafi dæmt skiptinguna ónýta þegar bifreiðinni hafði verið ekið 191.000 km.

Í 17. gr. laga nr. 50/2000 segir m.a. eftirfarandi:

„Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi. Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;

...

Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1.–4. mgr.“

Það er álit kærunefndarinnar að í skiptingunni á bifreiðinni sem álitsbeiðandi keypti af Y hafi í skilningi framangreindra lagaákvæða verið galli frá upphafi og sé enn til staðar. Undan þessum galla hafi álitsbeiðandi kvartað í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 en þar segir svo:

„Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fólgin. Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.“

Á kvartanir álitsbeiðanda verður jafnframt að líta sem kröfu um úrbætur, sbr. ákvæði 35. gr. laga nr. 50/2000.

Þegar galli er á söluhlut sem kemur fram innan tveggja ára og kvartað er undan á þeim tíma og seljanda bætir ekki úr eða tekst ekki að bæta úr skiptir ekki máli í skilningi framangreindrar lagagreinar þótt tvö ár séu liðin frá kaupunum sé sami galli enn fyrir hendi að þeim tíma liðnum. Sú viðgerð sem framkvæmd var á skiptingunni 2. apríl 2007, þ.e. að skipt um ventlaboddí í skiptingu frml:TFD, skipt um síu og pakkningu virðist vera það fyrsta sem seljandi gerði til að reyna að bæta úr gallanum. Þótt þessi viðgerð sýnist hafa dugað um hríð verður ekki annað sé að ekki hafi enn verið bætt úr gallanum og hann sé þannig áfram til staðar.

Í 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000 segir svo:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr. Réttur kaupanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.“

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu á hendur Y að fyrirtækið leggi sér til nýja sjálfskiptingu í bifreiðina sér að kostnaðarlausu sem hann segir að hafi verið synjað. Líta verður svo á að með þessum hætti geri álitsbeiðandi kröfu um að úr gallanum sé bætt. Samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 50/2000 getur kaupandi krafist skaðabóta fyrir eðlileg útgjöld við að fá bætt úr galla fullnægi seljandi ekki þeirri skyldu sinni að bæta úr galla eða afhenda nýjan hlut. Hér verður að hafa í huga að gírskiptingin í bifreiðinni er ekki sérgreindur söluhlutur heldur hluti söluhlutar og með það í huga er það niðurstaða kærunefndarinnar að krafa álitsbeiðanda verði ekki byggð á því að seljanda sé skylt að afhenda nýjan söluhlut. Hins vegar er það álit kærunefndarinnar að samkvæmt þeim lagagreinum sem vitnað er til hér að framan sé Y skylt að greiða álitsbeiðanda

skaðabætur vegna galla á skiptingunni. Við ákvörðun þeirra bóta verður að hafa í huga að bifreið álitsbeiðanda er þriggja ára og hafði verið ekið um 190.000 km þegar Y synjaði álitsbeiðanda um úrbætur og er ljóst að töluvert er liðið af líftíma bifreiðarinnar. Ekki er að sjá að gallinn á gírskiptingunni hafi leitt til afnotamissis álitsbeiðanda sem heitið geti en örugglega valdið honum óþægindum. Með framangreint í huga þykja ekki forsendur til þess að ákveða bætur sem nemi fullum kostnaði við kaup á nýrri sjálfskiptingu og vinnu við að setja hana í bifreiðina. Álit kærunefndarinnar er því að hæfilegar bætur séu þær að Y greiði álitsbeiðanda helming þessa kostnaðar.

## VI Álitsorð

Y greiði álitsbeiðanda, X, helming kostnaðar við kaup á nýrri sjálfskiptingu í bifreið hans A og helming kostnaðar við að setja skiptinguna í bifreiðina.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

